

NYJA DAGBLAÐIÐ

4. ár

Reykjavík, þriðjudaginn 24. marz 1936.

70. blað

Eyjólfur Jóhannsson reynir að selja mjólkurstöð M. R.

Rannsóknir á stöðinni hafa leitt í ljós að hún er of lítil og ófullnægjandi

EYJÓLFUR JÓHANSSON, forstj. Mjólkurfél. Reykjavíkur, hefir enn einu sinni reynt að koma ár sinni þannig fyrir borð, að það myndi verða mjólkurframleiðendum vestanfjalls til stórskaða og óþæginda, ef fyrirætlanir hans heppnuðust.

Eins og skýrt hefir verið frá hér í blaðinu áður hefir rannsókn, sem sérfróðir menn framkvæmdu á mjólkurstöð Mjólkurfélags Reykjavíkur í sumar, leitt í ljós, að stöðin er orðin mjög úrelt og ófullkomin og langsamlega of lítil til þess að fullnægja þeirri mjólkurvinnslu, sem henni er ætluð.

Bein afleiðing af þessu ásigkomulagi mjólkurstöðvarinnar hlýtur því að verða sú fyr en síðar, að annaðhvort þarf að verja stórfé til endurbóta á stöðinni, og mundi hún þó sennilega aldrei verða fullnægjandi, ellegar þá að byggja verður nýja og fullkomna mjólkurstöð.

Eyjólfur Jóhannsson er það allra manna ljósast til hvers muni draga í þessum efnum og hann hefir því gert lævislega tilraun til þess að koma mjólkurstöðinni úr eigu verzlunarfélags þess, sem hann veitir forstöðu, og selja hana félagsskap mjólkurframleiðenda, sem hann og félagar hans hafa sjálfir gengist fyrir að stofna.

Skýrir Morgunblaðið svo frá þessari ráðagerð Eyjólfis, að „Mjólkurfélagið hafi tekið þá ákvörðun að skipta starfsemi sinni í tvennt“, það sjálft ætli aðeins að hafa framvegis með höndum almenna verzlun, en stofna nýtt félag til þess að annast mjólkursöluna.

Sá eini tilgangur, sem liggur að baki þessarar ákvörðunar eða „tvískiptingar“ á starfi Mjólkurfélagsins eins og Morgunblaðið orðar það, er að losa Mjólkurfélagið við þá áhættu, sem leiðir af því að eiga ófullkomna og of litla mjólkurstöð, og koma henni yfir á aðra.

Þessari ráðagerð Eyjólfis og félaga hans er nú komið svo langt, að stofnfundur hins nýja félagsskaps var haldinn síðastl. laugardag. Nefnist það

Mjólkursamlag Kjalarnesþings og munu vera í því margir mjólkurframleiðendur, sem ekki voru í Mjólkurfélaginu, en þeir, sem mestu ráða þar enn, eru Mjólkurfélagsmenn.

Samkvæmt upplýsingum, sem blaðið fékk í gærkvöldi, mun enn ósamið um söluverð mjólkurstöðvarinnar. Verður fróðlegt að heyra, hvort Eyjólfur tekst m. a. að selja hinum nýja félagsskap meira eða minna af þeim styrk, sem lagður hefir verið fram úr ríkissjóði til þess að koma stöðinni upp.

Eitt m. a. sem sýnir að vafi kunni að leika á því, að herbragð þetta sé líklegt til þess að verða mjólkurframleiðendum til hagsbóta, sem hlut eiga að máli, er hraði sá, sem Eyjólfur hefir haft á því að fá bændur og aðra mjólkurframleiðendur til þess að fallast á ráðagerðina. Voru fundir haldnir í 2—3 sveitum á hverjum degi svo ekki hafa allir átt kost mikillar umhugsunar.

Skógræktarstjóri

gerir tilraun með framleiðslu viðarkola

Á síðasta ári kom Hákon Bjarnason skógræktarstjóri því til vegar, að keypur var ofn til viðarkolagerðar að Vöglum.

Síðan samgöngur bötnuðu hefir skógarviður ekki orðið samkeppnisfær við kol, og þessvegna hefir verið gert minna en skyldi að grysjun skógarleifa hér á landi en æskilegt væri.

Viðarkol eru notuð til smíða, einnig til útblöndunar í hænsna og svínafóður. Þá eru til bifreiðar, sem brenna viðarkolum í staðinn fyrir benzín. Miðað við benzínverð hér á landi mætti smálest viðarkola kosta allt að 260 kr., án þess að vera dýrari en benzín til aksturs. Mun slík bifreið verða flutt inn

Framh. á 4. síðu.

† Sophus Auðunn Blöndal

Hann lézt heima á Siglufirði, aðfaranótt sunnudagsins var, eftir þunga hálfsmánaðarlegu.



Banameinið mun hafa verið hjartabilun, samfara nýrna-veiki. Þótt banalegan væri stutt, hafði hann kennt sjúkdómsins lengi, en því munu fáir hafa trúað, aðrir en þeir, sem best þekktu til, að þessi stóri, hraustlegi maður gengi jafn lítið heill til skógar.

Hér verður engin æfiminning rituð, aðeins fáein orð í kveðjuskyni. Sophus Blöndal var fæddur hér í Reykjavík, 5. nóv. 1888, og varð því aðeins 47 ára gamall. Hann var sonur þeirra hjóna frá Sigríðar og Þjörns læknis Blöndal, Gunnlaugssonar sýslumanns. Að loknu verzlunarnámi lagði hann stund á kaupþýslu og fékkst við þau störf, ásamt útgerð, til dauðadags. Hann var ræðismaður Þjóðverja á Siglufirði, þar sem hann var búsettur

Framh. á 4. síðu.

Krisuvíkurléiðin snjólaus en 1½ m. fönn á Hellisheiðarveginum

Í fyrradag fór maður frá Hafnarfirði til Krisuvíkur og var alveg snjólaus alla leiðina. Á sama tíma var víða um 1½ m. fönn á veginum á Hellisheiði, Svinahraun mátti heita ófært venjulegum bílum, og talið að enn meiri snjór myndi vera í þrengslunum en á Hellisheiði.

Maðurinn, sem fór frá Hafnarfirði til Krisuvíkur, er gamkunnugur þeirri leið, og segir hann, að þar hafi aldrei komið verulegur snjór síðan 1882.

Framh. á 4. síðu.

Mussolini ætlar að gerbreyta stjórnarfyri- komulagi Ítalíu og þjóðnýta iðn- aðarfyri- tækini



Í ræðu, sem Mussolini hélt í gær, tilkynnti hann, að í undirbúningi væru stórfelldar breytingar á pólitískri og viðskiptalegri yfirstjórn á Ítalíu og myndi m. a. verða komið á algerðri þjóðnýtingu iðnaðarfyri-
tækjanna.

Tilgangurinn með þessum breytingum á yfirstjórn þjóðmála á Ítalíu væri sá, að gera landið algerlega óháð viðskiptum við önnur ríki, og hefðu refsiaðgerðirnar fært Ítölum heim sanninn um það, að slíkt væri óhjákvæmilegt. Hann lýsti því yfir, að allur iðjurekstur myndi verða tekinn undir eftir-

lit hins opinbera, og að í vændum væri alger þjóðnýting iðnaðarfyri-
tækjanna. Jafnharðan sem þessu skipulagi yrði komið á, lýsti Mussolini því, hvernig reynt yrði að skapa á Ítalíu framleiðslu gerfiefna, sem gerði landið óháð viðskiptum við útlönd. Hann sagði, að gerfi-
uili væri meðal þeirra efna, sem stefnt væri að, að framleiða á þennan hátt. Hann kvaðst játa það, að það væri ómögulegt, fyrir nokkurt ríki, að verða sjálfu sér algerlega nóg, í öllum hlutum, en allt myndi verða gert til þess að komast eins nálægt því marki, eins og kostur væri. — FÚ.

Vatnsflóðin í Bandaríkjunum hafa valdið tjóni, sem nemur hundruðum millj. dollara. — Margir tugir manna hafa drukknad

Til hjálpar bágstöddum á flóðasvæðinu í Bandaríkjunum, en þeir eru taldir um 250 þús., hafa verið veittar 43 milj. dollara.

Flóðin eru nú almennt í rénun, en þó er talið, að borginni Portsmouth stafi enn talsverð hætta frá Ohiofljóti.

Skaðar þeir og tjón, sem flóðin hafa þegar valdið í Pennsylvaníu, eru metin á annað hundruð miljón dollara. Hernaðarástandi hefir verið lýst yfir í Rumford, Maine, og marg-

ar aðrar borgir eru raunverulega í hernaðarástandi, þar sem lögregla og herlið hafa fengið skipun um að skjóta tafarlaust hvern þann, sem staðinn sé að gripdeildum eða hnupli. Það er nú orðið kunnugt, að 168 manns, að minnsta kosti, hafa farizt, en margra er enn saknað. — FÚ.

Elzti maður landsins látinn

Ólafur Árnason, Akurey í Landeyjum, andaðist 22. þ. m. á öðru ári yfir tírætt. Hann var fæddur 17. ágúst 1834 og mun hafa verið elzti maður á landinu.

Ólafur var fjórmaður og karlmenni. Hann gekk að búskap níraður og las á bók þangað til hann var 98 ára gamall. Fóttavist hafði hann þar til hann var rúmlega 100 ára gamall.

Ólafur stundaði búskap og bjó góðu búi, þar til hann missti konu sína 1891. Síðan hefir hann dvalið hjá börnum sínum.

Enskur línu- veiðari strandar við Kúðafljót

Enskur línuveiðari strandaði skammt austan við Kúðafljót í fyrrinótt.

Mennirnir björguðust allir á land og komu þeir að Efri-Ey í gærmorgun.

Athugun fer fram á því mjög bráðlega, hvort hægt muni vera að ná skipinu út. Er talið ósennilegt, að björgun geti heppnast á þessum stað.

Gamla Bló

Úlfa- maðurinn

Feikna spennandi og viðburðarík Indíanamynd í 2 köflum (19 þáttum) með undrahundinum fræga

RIN-TIN-TIN

1. kafli:

Óþekkti óvinurinn
sýndur í kvöld kl. 9.

Börn innan 12 ára fá ekki aðgang.

Annáll

Veðurspá fyrir Reykjavík og nágrenni: Stinnings austankaldi. Rigning öðru hvoru.

Næturleknir er í nótt Jón Norland, Skólavörðustíg 6 B. Sími 4348.

Næturvörður í Laugav. Apóteki og Ingólfs Apóteki.

Dagskrá útvarpsins. Kl. 7,45 Morgunleikfimi. 8,00 Enskukennsla. 8,25 Dönskukennsla. 10,00 Veðurfregnir. 12,00 Hádegisútlit. 15,00 Veðurfregnir. 19,10 Veðurfregnir. 19,20 Þingfréttir. 19,40 Auglýsingar. 19,45 Fréttir. 20,15 Erindi: Heilbrigðismál, X: Um óþrif (Ólafur Helgason læknir). 20,40 Symfóníu-hljómleikar: a) Mozart: Ítalskur forleikur; b) Beethoven: Pianó-konsert, nr. 5; c) Brahms: Symfónía, nr. 4. (Dagskrá lokið um kl. 22,30).

„Alt Heidelberg“ verður leikið í kvöld í næst síðasta sinn, samkvæmt auglýsingu í blaðinu í dag, og er því hver síðastur að sjá þennan vinsæla leik. — Leikurinn hefir þegar verið sýndur 17 sinnum að þessu sinni.

Skipatréttir. Gullfoss fór til Leith og Kaupmannahafnar í gærkveldi. Goðafoss kom að vestan og norðan kl. 2 í gær. Dettifoss kom til Hull í gærmorgun og fór þaðan aftur um kvöldið. Brúarfoss var í Kaupmannahöfn í gær. Lagarfoss fór í gærkveldi á leið til Austfjarða og Kaupmannahafnar. Selfoss var í gær á leið til Álaborgar.

Þormóður Eyólfsson konsúll og Þorsteinn M. Jónsson skólastjóri eru nýkomnir ítl bæjarins.

Dr. Áhe Ohlmarks flutti á laugardagskvöldið, í samvinnuskólanum, fyrirlestur með skuggamyndum „sænska menningu í borg og byggð“. Var fyrirlesturinn hinn skemmtilegasti og gaf mikinn fróðleik um efnið.

Karлакór Reykjavíkur

„Alt Heidelberg“

verður leikið í Iðná í kvöld kl. 8.

í næst síðasta sinn.

Lækkað verð

Aðgöngumiðar seldir í Iðná frá kl. 1 í dag.

Aðgöngumiðasími: 3101.

Á Siglufirði var í gær kyrrt þiðviðri, en svo svört þoka úti fyrir, að Nova treysti sér ekki til innsiglingar. — Síðastliðna viku hlóð þar niður meira fannkyngi en menn muna eftir á þeim slóðum. Eru þess dæmi, að skaflarnir séu svo háir, að gengið verði af þeim inn um glugga á 3. hæð húsa, og víða eru þeir jafnháir símaþráðum. Nokkur hættu er á snjóflóði austan megin fjarðarins.

Símabilanir. Á Súðavík rak í gær 6—8 brotna símastaura og þykir því sennilegt, að snjóflóð hafi fallið á Snæfjallalínuna milli Eðeyjar og Sandeyrar. — Frá Borðeyri hefir landsímastjóra verið tilkynnt, að símalínur hafi slitnað á Laxárdalsheiði. Á Laxárdalsheiði. Ennfremur fékk landsímastjóri fregnir um það í gær, að snjóflóð hefði brotið 3 símastaura um 3 km. sunnan við Þrasastaði.

Veðrið. Í gær (kl. 17) var norðaustan hrið og 1—4 stiga frost á Breiðafirði og Vestfirðum. Á Norður- og Austurlandi var 2 stiga hiti og þokusúld. Sunnanlands var austankaldi og 7—8 stiga hiti.

Farþegar með Gullfoss til útlanda í gærkveldi: Guðm. G. Hagalin, rith. og frú, stórkaupm. Thor Jensen og frú, framkv.stj. Guðmundur Vilhjálmsson og frú, Sigriður Guðmundsdóttir, Miss Dóra Petron, Dr. J. P. Pálsson og frú. Skjöldur Hliðar, Sigurgeir Guðmundsson, Óli Ísfeld, Ægir Ólafsson, Atli Ólafsson og frú, Kristján Hannesson og frú, Jónína Jónsdóttir.

Háskólafrírlestrar á þýzku. Þýzki sendikennarinn, dr. Iwan, flytur í kvöld fyrirlestur í háskólanum um „Kohle und Eisen“. Fyrirlesturinn hefst kl. 8,05, og er öllum heimill aðgangur.

K. F. U. M. og K. í Hafnarfirði. Föstusamkoma í kvöld kl. 8½ í K. F. U. M. húsinu. Zíónskórinn annast samkomuna. Markús Sigurðsson talar.

Í **Skildinganeskóla** verður fundur haldinn í kvöld kl. 8. Umræðuefni: Skóla- og kirkjumál. Frum-mælendi: Böðvar Pétursson kennari.

Höfnin. Max Pemberton kom af veiðum í fyrrakvöld með 96 tunnur lifrar. Togarinn Gullfoss kom frá Englandi í fyrrakvöld. Þá komu líka hingað 3 franskir togarar og einn spánskur til að fá kol og vatn.

Farþegar með e.s. Lagarfoss til Austfjarða í gærkveldi: Kristinn Magnússon, Ásgeir Einarsson, Þorsteinn Jónsson, Sig. Sigurðsson, Ólafur Hermannsson, Jóhann Hansson, Ágústa Þorbergs með barn, Gróa Einarisdóttir, Ágústa Sveinsdóttir, Óskar Tómasson og frú. Páll Guðjónsson, Rósa Guðmundsdóttir, Gunnþóra Björgvinsdóttir, Guðlaug Björnsdóttir, Kristín Beck, Sigurður Guðmundsson, Þorsteinn Pálsson.

Heyflutningur til Austfjarða. Í gærkveldi fóru héðan með Lagarfossi 300—350 hestar af heyi til Norðfjarða og Seyðisfjarða.

Reikningar Seyðisfjarðarkaupstaðar árið 1935 voru samþykktir í bæjarstjórn 16. þ. m. Tekjuhalli varð um 5200 kr., en á rekstursreikningi eru afskrifaðar 9700 kr. af áætluðum, en ófáanlegum tekjum fyrri ára. Aukning vatnsveitu var og afskrifuð um 5900 kr. Útsvör á 368 gjaldþegna voru 43625

Úrvals spaðkjöt

Okkar ágæta úrvals spaðkjöt alltaf til sölu

í 1/1, 1/2 og 1/4 tunnum.

Samband ísl. samvinnufélaga

Sími 1080.

Skógræktarstjóri

Framh. af 1. síðu.

á vegum skógræktarinnar. Framleiðslukostnaður viðarkola að Vöglum s. l. sumar var 200 kr. smál., en yrði fengin sög til að kurla viðinn, mundi þessi kostnaðar lækka til muna.

Ofninn tekur 5 rúmmetra af víði í senn og fer sólarhringur í hverja einstaka brennslu. Rúmmetri af víði gefur 100 kg. af viðarkolum. Fæst því 500 kg. af kolum úr ofninum eftir hverja brennslu.

Telur skógræktarstjóri, að leita þurfi sérstakra ráða til þess að koma í verð hinum verðlita skógarvíði, sem fæst við fyrstu grysjun. Hinsvegar sé víður felldur við 2. og 3. grysjun mun verðmeiri, og jafnvel fyllilega samkeppnisfær við kol, sem eldsneyti, ef notaðir eru ofnar til viðarbrennslu, sem nú eru nýkomnir á markað erlendis og kosta mundu hingað komnir um 25 krónur!

Er nú að færast að nýju áhugi í skógræktarmálin.

Ólafur krónprins í markaðsleit

Kaupmannahöfn 28./3. Einkaskeiti FÚ.

Meðal kaupþýslumanna í Nor-egi er unnið að því, að koma því til leiðar, að Ólafur krónprins fari í útbreiðslu- og kynningaleiðangur fyrir norskar vörur, eins og prinsinn af Wales gerði fyrir Bretland. Er því ætlanin, að Ólafur ferðist til Suður-Ameríku og Kuba með skemmtisnekkju, en herskip verði látið fylgja henni.

Ef för þessi verður farin, þá er það aðallega vegna saltfisksölunnar.

Bandaríkjaflotinn viðbúinn

London kl. 23,45 21./3. FÚ.

Í Washington var í dag gefin út skyndileg skipun til Kyrrahafsflotans að láta úr höfn og búast til stríðs. Þetta var gert aðeins til þess að komast að raun um það, hve fljóttur flotinn yrði að leggja á haf út. Hálfri klukkustund eftir að skipunin barst til flotans, var hann kominn út á sjó.

kr., fátækraframsæsla um 30.000 kr., vatnagreiðslur alls 25 þús. kr., tekjuhalli sjúkrahúss 1700 kr. hreinn arður af kolasölu 7800 kr. Eignir eru 709.800 kr. og skuldir 412.000 kr. — FÚ.

Sophus Blöndal

Framh. af 1. síðu.

eftir að hann giftist. Kona hans var Ólöf Hafliðadóttir frá Siglufirði, og lifir hún mann sinn ásamt tveimur dætrum um fermingaráldur. — Auk ræðismannsstarfsins gengdi hann mjög mörgum öðrum trúnaðarstörfum.

Við Sophus heitinn vorum saman einn vetur á Sauðanesi á Langanesi, og þá börn að aldri og mjög samrýndir. Síðan getur varla heitið að við höfum sézt. En ég hefi haft þær spurnir af honum, að ég veit, að ætterni og uppeldi höfðu þá þegar mót- að hans ytri og innri mann svo að ekki breyttist í meginatriðum til dauðadags. Þá þegar bryddi á því, að hann var söngvinn og listrænn eins og frændur hans. Hann var óvenjulega fagurt barn og hann varð mikill á velli og manna fríðastur, eins og hann átt kyn til í báðar ættir. Hann var öllum óvenjulega geðþekkur drengur, og hann hélt því til dauðadags, að vera hvers manns hugljúfi, sem kynntist honum. Hann var glaður leikbróðir okkar, sem yngri vorum og um leið fórnfús og ráðhollur eins og faðir. Og ég veit að þessir eiginleikar hafa alstaðar komið í ljós á sama hátt; fyrst og fremst heima, þar sem ástúðugu samlifi hjóna og dætra var við brugðið af vinum þeirra; og sömuleiðis við foreldra, við systkini og vini. —

Það er mikill harmur kveðinn að aðstandendum við fráfall slíks sonar, bróður, eiginmanns og föður. En á hitt ber þó fremur að líta, að það er mikil gæfa, að deyja í ást og vináttu allra kunnugra; að fara svo af þessum heimi, að skilja eftirkomendum eftir algerlega flekklausu minningu og ekkert nema gott.

S. H. f. H.

Sophus Blöndal rak um mörg ár verzlun á Siglufirði, en 1928 gerðist hann skrifstofustjóri Síldareinkasölunnar, en hafði með höndum, samhliða því starfi, síldarsöltun og síldarverzlun, og hefir rekið þá verzlun æ síðan. Síðastliðin tvö ár var hann skrifstofustjóri Síldarútvegsnefndar.

Sophus Blöndal var mikilhæfur maður og naut almenns trausts á Siglufirði, enda voru honum ávalt falin mörg opinber störf í kaupstaðnum. Átti mann um langt áraskeið sæti í bæjarstjórn Siglufjarða, ýmist sem aðalmaður eða 1. varamaður. Um 16 ár hefir hann átt sæti í skattaneft kaupstaðarins og niðurfjöfnarnefnd og

NYJA BIÓ

Greifinn frá Monte Christo

Amerísk tal- og tónmynd samkvæmt hinni heimsfrægu skáldsögu með sama nafni eftir

Alexandre Dumas.

Aðalhlutv. leika

Elissa Landi og Robert Donat.

Kaup og sala

Mjög falleg hanzkaskinn í miklu lítaúrvali, fást í Gefjun, Laugaveg 10.

Fasteignastofan Hafnarstr. 15. Annast kaup og sölu fasteigna í Reykjavík og úti um land. Viðtalstími kl. 11—12 og 5—7 og á öðrum tíma eftir samkomulagi. Sími 3327. Jónas.

Tilkynningar

2307 er símanúmerið hjá ódýru fiskbúðinni á Klapparstíg 8.

Jörð óskast til leigu og ábúðar í næstu fardögum, má vera lítil. Tilboð óskast sem fyrst sent á afgr. blaðsins merkt „Jörð“.

Úr -- Klukkur

| | |
|------------------------|-----------|
| Vasaúr | kr. 10.09 |
| Do. | — 18.00 |
| Armbandsúr, herra | — 25.00 |
| Do. dómu | — 18.00 |
| Do. dömu | — 25.00 |
| Vekjaraklukkan | — 5.75 |
| Do. | — 6.50 |
| Sjálfblekungar 14 kar. | — 5.00 |
| Do. glerpenni | — 1.50 |
| Do. settið | — 1.50 |

Alltaf sama lága verðið hjá okkur

K. Einarsson & Björnsson
Bankastræti 11

mörgum fleiri nefndum. Formaður sóknarnefndar hefir hann verið um mörg ár, og átti mikinn og góðan þátt í byggingu hinnar veglegu kirkju á Siglufirði 1932. Árið 1920 var hann af ráðherra skipaður formaður fasteignamatnefndar á Siglufirði og tvö undanfarin ár kaus Alþingi hann endurskoðanda Síldarverksmiðja ríkisins, en áður en hafði hann verið kosinn af útgerðarmönnum endurskoðandi verksmiðjanna.

Ræðismaður Þjóðverja var Sophus Blöndal frá 1922.

Sophus Blöndal var kvæntur Ólöfu Hafliðadóttur Guðmundssonar hreppsstjóra á Siglufirði. Eignuðust þau hjón tvær dætur, Sigríði, sem stundar nám hér í Verzlunarskólanum og Sveinbjörgu, sem stundar nám í Gagnfræðaskólanum á Siglufirði.